

109. STJÓRNARFUNDUR KRAFT

3. MARS 2020 KL 17:00



Mættir: Gry Ek – Formaður
Inga María Henningsdóttir – ritari
Auðunn Jónsson – íþróttastjóri
Muggur Ólafsson – meðstjórnandi
Laufey Agnarsdóttir – meðstjórnandi
Lára Bogey Finnbogadóttir – starfsmaður

Fjarverandi: Þórunn Lilja Vilbergsdóttir- varaformaður
Aron Ingi Gautason – meðstjórnandi

Dagskrá:

1. Stjórnin skiptir með sér verkum
2. Gengið frá prókúrumálum Láru og Arons Inga
3. Skráning kraft í fyrirtækjaskrá
4. Skipa í nefndir
5. Auka starfshlutfall íþróttastjóra
6. Fara yfir samning við ASJ og einstaklings
7. Ákveða styrki til landsliðsmanna
8. Önnur mál

1. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Gry setur fyrsta fund nýrrar stjórnar.

Gry situr áfram sem formaður, Þórunn Lilja sem varaformaður og Inga María áfram sem ritari. Nýjir stjórnarmenn eru þau Muggur, Laufey og Aron. Aron hefur tekið að sér stöðu gjaldkera og eru Muggur og Laufey meðstjórnendur.

Nýr vefstjóri er Muggur og mun hann sjá um kraft.is, Facebook síðu sem og Instagram sambandsins. Aron Friðrik mun gefa Mugg aðgang að síðunni.

Þórunn Lilja mætir.

Fyrsta verk Muggs er að setja inn upplýsingar og netföng nýrrar stjórnar á síðunar okkar. Gry kemur þessum upplýsingum á ÍSÍ og felix.

2. Gengið frá prókúrumálum Láru og Arons Inga.

Stjórn samþykkir með undirskrift að veita Aroni Inga og Láru aðgang að heimabanka og prókúru.

109. Stjórnarfundur KRAFT.

Stjórn samþykkir að afturkalla aðgang Alex. Gry og Lára sjá um að fara með þessi skil í banka og klára þetta mál.

3. Skráning KRAFT í fyrirtækjaskrá.

Stjórn samþykkir með undirskrift.

4. Skipun nefnda.

Kosið var í nefndir á ársþing.

Mótanefnd- Einar Örn Guðnason formaður, Þórunn Brynja Jónasdóttir, Ellert Björn Ómarsson.

Landsliðsnefnd- Róbert Kjaran formaður, Athuga hvort Helgi Hauksson gefur kost á sér. Inga athugar með Massamann.

Heiðursmerkjanefnd- Gry formaður og Auðunn Jónsson.

Laganefnd- Sigurjón Pétursson formaður, Guðjón og Þórunn Lilja.

Dómaranefnd- Sólveig og Laufey, athuga hvort Helgi Hauksson sé tilbúin að sitja í þessari nefnd. Fyrsta verk dómaranefndar er að betrumbæta að félög mæti með dómara.

Væri gott að fá formenn nefnda á næsta fund.

5. Auka starfshlutfall íþróttastjóra.

Stjórn samþykkir að hækka hlutfall íþróttastjóra í 30% frá og með 1. Mars 2020. Auðunn situr hjá á meðan þessi ákvörðun er tekinn. Auðunn samþykkir og er tilbúin í að taka þetta að sér og leggst það vel í hann. Gry gengur frá samningi við hann.

6. Fara yfir samning við ASJ og einstaklings.

ASJ eru búnir að lofa okkur 15 milljónum fyrir verkefni á árinu. Af þessum 15 milljónum eru 5 milljónir eyrnamerkir okkar íþróttafólki, Júlían 3 milljónir, Sóley 1 milljón og Viktor 1 milljón. Stjórn þarf að ákveða hvað við viljum styrkja í landsliðsverkefni á árinu. Stjórn þarf að skoða gögn og fylla út samning til ASJ. Gry sendir gögn á stjórnarmenn.

7. Ákveða styrki til landsliðsmanna.

Gry sendir úthlutun ASJ á stjórn. Inga setur upp töflu um hugmynd hvað við viljum styrkja landsliðsmenn.

8. Önnur mál.

Reikna þarf landsliðslágmörk fyrir næsta ár uppá nýtt. Aron Friðrik var búinn að samþykkja að vinna í þessu með nýrri stjórn og Gry hefur samband við hann.

Tillaga kom upp á ársþingi að lækka standarda á metum í öldungaflokki. Stjórn er sammála því að þessir standardar hafa þjónað góðum tilgangi og samþykkir stjórn að taka þá út.

Gry hefur sótt um verkefnastyrk hjá ÍSÍ vegna þjálfaranámskeiðsins um helgina.

109. Stjórnarfundur KRAFT.

Laufey ætlar að taka að sér á vegum stjórnar um aðstöðumál í Reykjavík með Ármanni, Gry sendir henni póst til að upplýsa henni málið.

Næsti fundur stjórnar verður 24. Mars kl 17:00.

Fundi slitið 18:45.

Ritari: Inga María Henningsdóttir.